

**Fundargerð háskólaráðs**  
**387. fundur 2. nóvember 2017 kl. 14:00-16:30**  
**Borgir, R262**

Rektor Eyjólfur Guðmundsson setti fund kl. 14:00.

Mættir voru auk hans:

Berglind Ósk Guðmundsdóttir fulltrúi nemenda  
Björn Ingimarsson fulltrúi menntamálaráðherra  
Brynhildur Pétursdóttir fulltrúi háskólaráðs  
Finnbogi Jónsson fulltrúi háskólaráðs  
Hermína Gunnþórsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins (mætti kl. 14:38)  
Sigfríður Inga Karlsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins

Aðrir mættir:

Martha Lilja Olsen ritari háskólaráðs

Gestir:

Úlfar Hauksson forstöðumaður fjármálasviðs

---

Rektor kynnti dagskrá.

**1. Samþykkt fundargerðar 386. fundar**

*1709016*

Fundargerðin samþykkt án athugasemda.

**2. Rekstur**

**Fjárhagsáætlun 2018**

**Stefna ríkisaðila**

Úlfar fór yfir rekstraryfirlit janúar til september 2017. Reksturinn í heild sinni í jafnvægi.

ÚH fór einnig yfir fjárveitingu skv. fjárlagafrumvarpi 2018, en í frumvarpinu er einnig fjármálaáætlun til þriggja ára (2018-2020) og tillaga að fjárveitingu 2019 og 2020, í samræmi við stefnu ríkisaðila til þriggja ára (ný lög um ríkisfjármál). Gert er ráð fyrir að framlögin næstu þrjú árin verði stöðug, einhver lítilsháttar hækkun í samræmi við verðlagsbreytingar en lítil heildarbreyting. Því liggur fyrir sá rammi sem skólanum er settur til næstu ára.

Fyrstu drög að rekstraráætlun liggja fyrir og er hún innan ramma fjárlagafrumvarps og ljóst að unnt er að halda starfsemi skólans í núverandi horfi. Það þýðir þó að álagið á starfsmenn er áfram mikið þar sem ekki verður svigrúm til að fjölga starfsmönnum.

Háskólaráð samþykkir fyrirlagðan ramma fyrir fjárhagsáætlun 2018 og að stjórnendur haldi áfram að vinna innan þess ramma.

Rektor fór yfir stefnu ríkisaðila til þriggja ára sem opinberum aðilum ber að skila og var í fyrsta skipti gert fyrir árið 2017 og er hluti af nýjum lögum um opinber fjármál. Stefnuskjalið í ár mun hafa svipaðar áherslur og í fyrra (gæði náms/sveigjanlegt nám sem þjónar öllu landinu, uppbygging doktorsnáms og rannsókna, kolefnisspor/fyrsti kolefnishlutlausí háskólinn).

### **3. Samráðsfundur í menntamálaráðuneyti 30.10.2017**

Rektor sagði frá samráðsfundi yfirstjórnar HA með fulltrúum menntamálaráðuneytis. Farið var yfir stefnuskjalið til þriggja ára og fjármál, samskipti og stefna til næstu ára rædd.

Rektor sagði einnig frá heimsókn til Noregs, Svíþjóðar og Finnlands ásamt fulltrúum menntamálaráðuneytis, til að kynnast reiknilíkönun háskóla í þessum löndum. Vilji er til að endurskoða reiknilíkan háskóla á Íslandi og má gera ráð fyrir að sú vinna hefjist innan ráðuneytisins á næsta ári.

### **4. Stefna HA 2018-2023**

*1703017*

Rektor gerði grein fyrir stöðunni í stefnumálum. Sviðin eru um það bil að ljúka sinni vinnu. Drög að uppfærðri stefnu munu liggja fyrir í lok nóvember og verða til samþykktar í desember.

### **5. Doktorsnám**

*1302059*

Menntamálaráðherra afhenti rektor þann 20. október s.l. formlega heimild skólans til að bjóða upp á doktorsnám á fræðasviðum heilbrigðisvísinda, hug- og félagsvísinda og viðskipta- og raunvísinda í undiflokkunum hjúkrunarfræði, líftækni, sjávarútvegs- og fiskeldisfræði, viðskiptafræði, lögfræði og félagsfræði.

Háskólaráð fagnar þessari niðurstöðu og merkilegum áfanga í sögu og uppbyggingu Háskólans á Akureyri. Samþykkt er að haldið verði áfram með uppbyggingu doktorsnáms í samræmi við umsóknina sem háskólinn sendi ráðuneytinu og á grundvelli þeirra námsleiða sem lagt var upp með og úttektarnefnd mat að hæfi væri fyrir hendi til að hefja.

## **6. Nemendafjöldi á einstökum námsbrautum – tillögur sviða**

1709024

Fyrir liggja tillögur eða hugmyndir sviða um æskilegan fjölda nemenda við hverja námsbraut.

Háskólaráð telur ekki æskilegt að hafa fjöldatakmörkanir í nám en hins vegar er ljóst að fjárveitingar til skólans takmarka þann fjölda nemenda sem háskólinn getur tekið við. Fjárframlög gera ekki ráð fyrir að hægt sé að fjölga starfsmönnum og aukið álag á starfsfólk kemur niður á starfi skólans, ekki síst kennslu. Háskólaráð telur að það þurfi að treysta deildunum til að meta hversu marga nemendur hver deild getur tekið á móti.

Nemendaígildi HA eru komin upp 100 nemendaígildum umfram það sem greitt er frá hinu opinbera og því eru allir umframnemendur á kostnað skólans. Háskólaráð þarf að taka ákvörðun um hvort eigi að fara umfram þau nemendaígildi sem greitt er fyrir skv. fjárlögum. Ef umsóknum heldur áfram að fjölga þá mun þessum umframnemendaígildum halda áfram að fjölga.

Háskólaráð samþykkir að rektor haldi áfram að vinna með tillögur sviðanna til að greina nemendafjölda og spá fyrir um hugsanlegan nemendafjölda á einstökum námsbrautum miðað við þróunina sl. ár og hvort og þá hvenær nauðsynlegt sé að grípa til aðgerða. Gert er ráð fyrir að ekki verði farið mikið umfram þau nemendaígildi sem nú eru til staðar.

## **7. Endurskoðun lögfræðináms**

Lars Gunnar Lundsten forseti hug- og félagsvísindasviðs kom inn á fundinn kl. 15:42 til að kynna málið. Nauðsynlegt er að fara út í endurskoðun og skipulagsbreytingar á lögfræðinámi við HA. Tilgangurinn er að auka gæði námsins og fjölga akademískum starfsmönnum við námsbrautina svo það sé mögulegt.

Háskólaráð samþykkir að haldið verði áfram að vinna að þessum skipulagsbreytingum í fullu samráði við rektorsskrifstofu til að tryggja að allar ákvarðanir byggi á réttri stjórnsýslu, að endurskoðunin sé innan stefnu skólans og að breytingin sé innan fjárhagsramma sviðsins.

## **8. Mál til samþykktar**

- **Umhverfis- og samgöngustefna – samþykkt.**
- **Samgöngusamningar – samþykkt.**
- **Reglur um vísindasjóð (engar efnislegar breytingar) – samþykkt.**
- **Skipun siðanefndar – samþykkt.**
- **Siðareglur – samþykkt.**
- **Innritun nýrra nemenda um áramót – samþykkt.**

- **Rammasamningur um samstarf við Heilbrigðisstofnun Norðurlands – samþykkt.**
- **Northern Research Forum**  
Rektor óskar eftir samþykki háskólaráðs til að fara af stað með verkefnið sbr. framlagt minnisblað. Heimild til að skipa stjórn skv. minnisblaðinu. Rektor verður formaður stjórnarinnar en aðrir í stjórninni verða forsetar fræðasviða við HA, einn ytri erlendur aðili og einn aðili frá vísindasamfélaginu á Borgum. Rektor leggur til að Þorsteinn Gunnarsson verði skipaður í stjórnina sem fulltrúi vísindasamfélagsins á Borgum. Háskólaráð samþykkir framlagða tillögu.

## 9. Mál til kynningar

- **Umsókn HA um styrk til þróunar fagháskólanáms**
- **Verklag um reglulega endurskoðun námsframboðs HA**
- **Heimsókn Shanghai Ocean University og samstarfssamningur**  
Rektor fór til Kína sl. vor og heimsótti m.a. SOU. Sendinefnd frá SOU ætlaði að heimsækja HA í nóvember eða desember en hafa nú frestað heimsókninni. En óska þó eftir að HA og SOU skrifi undir MoU sín á milli þrátt fyrir að ekki verði af heimsókn að þessu sinni. Háskólaráð óskar eftir upplýsingum um hvort SOU sjái ekki fram á að finna nýjan tíma fyrir heimsókn til að skrifa undir samninginn á Akureyri.
- **Drög að samstarfssamningi við Tækniháskólann í Murmansk**  
Háskólaráð samþykkir að rektor haldi áfram með þessari vinnu og taki næsta skref í samstarfinu.
- **Gæðaúttektir (EQFII) 2018-2024**
- **Tilkynning frá Ríkisendurskoðun um aðalúttekt á íslenskum háskólum sem hluti af úttekt á skilvirkni háskóla á Norðurlöndunum**

## 10. Starfsmannamál

- Forstöðumaður fjármálasviðs hefur sagt upp starfi sínu og fyrir liggja drög að auglýsingu sem send verður út á næstu dögum. Gerð er skipulagsbreyting þar sem nýr starfsmaður verður aðeins forstöðumaður fjármálasviðs, rekstur fasteigna mun heyra undir framkvæmdastjóra. Gert er ráð fyrir að nýr forstöðumaður fjármála taki til starfa í upphafi nýs árs.
- Rektor sagði frá því að fyrirhugað væri að bæta við starfi verkefnastjóra mannauðs- og gæðamála á rektorsskrifstofu.

- Launamál rektors. Engar breytingar hafa verið gerðar á starfsmati rektors HA frá stofnun skólans og eru laun HA því mjög lágt metin í samræmi við önnur slík embætti. Rektor óskar eftir heimild háskólaráðs til að fá ráðgjafa til að vinna að bréfi til að senda kjararáði með rökstuðningi og ósk um endurmati á starfi rektors HA í samræmi við stækkun háskólans og umfang starfsins eins og það er nú. Háskólaráð styður þessa umleitun og telur eðlilegt að starf rektors sé endurmetið í samræmi við breytingar á skólanum og að það sé á ábyrgð háskólans og háskólaráðs að leiða málið til lykta áður en núverandi kjararáð verður lagt niður. Skila verður greinargerð fyrir 1. janúar 2018 til þess að kjararáð endurmeti starfið.

## 11. Önnur mál

- **Brynhildur – fjarnám í náms- og starfsráðgjöf –**  
Í bígerð er á svæðinu að óska eftir að HÍ bjóði upp á náms- og starfsráðgjöf í fjarnámi á ný.  
HA er tilbúið í slíkt samstarf en frumkvæðið þarf að koma frá HÍ. HA sér nú þegar um nám frá öðrum háskólum innan sinna veggja og hefur reynslu af slíku samstarfi. Ekki er grundvöllur, eins og staðan er núna, að HA útvíkki sitt námsframboð þar sem fjármagn í slíkt er ekki fyrir hendi.
- **Jólagjöf til starfsmanna.** Rektor óskar eftir afstöðu háskólaráðs til þess að gefa starfsmönnum veglegri jólagjöf í ár en undanfarin ár í tilefni af 30 ára afmælisári og áfanganum sem felst í heimild til doktorsnáms. Háskólaráð samþykkir að sett verði fjármagn í veglegri jólagjöf en áður og óskar eftir að skoðað verði hvort mögulegt sé jólagjöfin tengist svæðinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:16.